

**Nd.**

**335. Frumvarp til laga**

**[141. mál]**

um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Ásgeir Bjarnason.

**1. gr.**

Húseigendum utan Reykjavíkur er heimilt frá 15. okt. 1955 að brunatryggja húseignir sínar hjá hverju því váttryggingarfélagi, sem viðurkennt er af ráðherra.

Bæjarstjórnnum og hreppsnefndum er þó heimilt frá sama tíma að semja við eitt váttryggingarfélag eða fleiri um brunatryggingar á þeim húseignum í undæmi þeirra, sem tryggingarskyldar eru samkvæmt lögum þessum, enda hafi húseigendur áður samþykkt við almenna atkvæðagreiðslu að veita sveitarstjórn heimild til slíkra samninga.

Tekjur váttryggingarfélags af starfsemi, er um ræðir í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, eru undanþegnar sköttum til sveitarsjóðs og ríkissjóðs.

**2. gr.**

Skylt er að tryggja gegn eldsvoða hjá þeim, sem brunatryggingar annast samkvæmt 1. gr., allar húseignir utan Reykjavíkur, nema gripahús, hlöður og geymsluhús á sveitabæjum, enda séu þau ekki áföst íbúðarhúsum, svo að þau megi teljast vera í óaðgreinanlegri brunahættu með þeim. Hús í smíðum skal einnig tryggja, og fer um tryggingarupphæð þeirra á hverjum tíma eftir samkomulagi milli eiganda og váttryggingarfélagsins.

**3. gr.**

Váttryggingarupphæð húsa, sem lög þessi ná til, annarra en húsa í smíðum, skal nema fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna. Sveitarstjórnir

skulu hafa eftirlit með virðingargerðum húsa hver í sínu umdæmi, og bera þær á nverjum tíma ábyrgð á, að váttryggingum sé haldið við og ný hús metin og váttryggð þegar eftir að byggingu þeirra er lokið eða þau tekin til íbúðar.

Breyta skal árlega váttryggingarverði húsa til samræmis við visitölu byggingarkostnaðar.

Hagstofan reiknar út byggingarvisitölu fyrir kaupstaði og kauptún, en teiknistofa landbúnaðarins fyrir sveitir. Visitölur hvers árs skulu tilbúnar og auglýstar fyrir janúarlök ár hvert.

Eftir hinni auglýstu visitölu undanfarins visitöluárs skal teljast váttryggingarupphæð næstkomandi váttryggingarárs, þó þannig, að váttryggingarupphæðin miðist við heil hundruð króna.

#### 4. gr.

Iðgjöld af húseignum í skyldutryggingu hvíla sem lögveð á eignunum sjálfum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, sem á þeim hvíla, nema sköttum til ríkissjóðs.

Séu gjöldin eigi greidd innan sex mánaða frá gjalddaga, er heimilt að láta selja hina váttryggðu eign á uppboði, án undanfarins dóms, sáttar eða lögtaks, en tilkynna skal váttryggjanda í ábyrgðarpósti eða á annan öruggan hátt, að sölu hafi verið beiðzt. Á sama hátt skal uppboðshaldari aðvara eiganda með tveggja vikna fyrirvara, áður en hann sendir sölulýsingu til birtingar.

Uppboðið skal auglýst einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Má sala ekki fara fram fyrr en 6 vikum eftir birtingu auglýsingarinnar.

Enga húseign má fella úr tryggingu fyrir þá sök, að iðgjald sé eigi greitt.

Virðingargjöld má heimta með lögtaki.

#### 5. gr.

Fyrir 15. október ár hvert skulu váttryggingarfélag afhenda bæjarstjórnnum og oddvitum skrár yfir húseignir þær í umdæminu, sem tryggðar eru hjá félagunum. Ef allar húseignir í sveitarfélaginu hafa þá ekki verið tryggðar, skal bæjarstjóri eða oddviti tryggja ótryggðar eignir fyrir hönd eigenda.

Brenni hús, sem ekki hefur verið tryggt samkvæmt lögum þessum, skal húseiganda þó bætt tjón hans að  $\frac{1}{2}$  hlutum. Skal bótaféð greitt af váttryggingarfélagum þeim, er tryggja hús í sveitarfélaginu, í sömu hlutföllum og iðgjaldatekjur þeirra eru af brunatryggingum húsa í umdæminu.

#### 6. gr.

Váttryggingarfélag, sem greiðir arð eða ágóðahlut af tryggingum þeim, er um ræðir í lögum þessum, skal greiða hann til hinna tryggðu. Óheimilt er sveitarsjóðum að taka við og halda slíkum ágóða.

#### 7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 100—10 000 krónum, og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

#### 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 59 frá 24. apríl 1954, 1. gr. laga nr. 52 12 okt. 1944 svo og öll þau lagaákvæði, sem brjóta í bága við lög þessi.

#### Greinargerð.

Frumv. þetta er flutt samkvæmt ósk félagsmálaráðherra. Flutningsmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við frv. og fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

„Brunabótafélag Íslands var stofnað með lögum nr. 54 3. nóv. 1915 til þess að taka að sér brunatryggingar á húsum í kaupstöðum og kaптúnunum utan Reykjavíkur. Með lögum nr. 26 24. júní 1932 var verksvið félagsins aukið, og hefur síðan verið skylt að tryggja öll húsum utan Reykjavíkur hjá félaginu, að undanskildum gripahúsum, hlöðum og geymsluhúsum á sveitabæjum, ef þau eru ekki áföst íbúðarhúsum, sbr. lög nr. 73 4. júlí 1942.

Víða um land mun hafa gætt mikillar óánægju með þetta fyrirkomulag. Á undanförunum árum hafa komið fram frumvörp á Alþingi um heimild handa bæjarfélögum til að losna úr skyldutryggingu hjá Brunabótafélagi Íslands, en þau hefur dagað uppi þar til á síðasta þingi, er lög nr. 59/1954 voru samþykkt.

Þegar Brunabótafélag Íslands var stofnað, voru engin innlend váttryggingarfélög til, sem tekið gætu að sér brunatryggingar á húsum. Nú eru hins vegar starfandi hér á landi mörg sterk váttryggingarfélög, sem geta tekið að sér þessar tryggingar. Það er því eðlilegt, að húseigendur sætti sig ekki lengur við það að vera skyldaðir til að tryggja hjá einu félagi og verða að hlíta þeim kjörum, er það býður. Slík höft á frelsi borgaranna til að ráða yfir eignum sínum samrýmast ekki hugsunarhætti manna í frjálsum löndum nú á tímum.

Tryggingarfélög þau, sem starfa hér á landi, eiga í stöðugri og harðri samkeppni. Af því leiðir, að félögin lækka iðgjöldin til þess að reyna að ná sem mestum viðskiptum hvert um sig. Það liggur því í augum uppi, að hagkvæmast er fyrir einstaklinga, að þeir geti tryggt húsið sín hjá hverju því viðurkenndu tryggingarfélagi, er þeir telja, að bezt kjör bjóði. Þess vegna er lagt til í þessu frumvarpi, að húseigendur fái í sínar hendur heimild til þess að ákveða, hvar þeir brunatryggi húseignir sínar, og er þetta aðalbreyting sú, sem hér er gerð á lögum nr. 59 frá 24. apríl 1954. Jafnframt er húseigendum heimilað að fela bæjarstjórnunum og hreppnefndum að semja í einu lagi um tryggingar á öllum húsum í sveitarfélaginu. Hér er gert ráð fyrir, að völdin í þessum málum verði öll hjá húseigendum sjálfum, en sveitarstjórnir geti ekki selt þessi viðskipti á leigu að húseigendum forspurðum, svo sem nú er eftir gildandi lögum (nr. 59/1954).

Það fyrirkomulag, er hér hefur verið, að skylda húseigendur til þess að brunatryggja hjá einu tryggingarfélagi, mun hvergi þekkjast í nágrannalöndum vorum. Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

#### Um 1. gr.

Hér er gerð sú breyting á 1. gr. laga nr. 59/1954, að húseigendum er sjálfum heimilað að ráða, hvar þeir brunatryggja húsið sín, í stað þess að fela sveitarstjórnunum að ráðstafa þessum tryggingum, án þess að leita þurfi samþykkis húseigenda, svo sem nú er.

Í 2. mgr. greinarinnar er sveitarstjórnunum heimilað að semja um brunatryggingar allra húseigna í umdæminu að fengnu samþykki húseigenda.

3. mgr. er samhljóða 2. mgr. 1. gr. laga nr. 59/1954.

#### Um 2. gr.

Samhljóða 2. gr. laga nr. 59/1954.

#### Um 3. gr.

1. og 2. mgr. eru sama efnis og 3. gr. laga nr. 59/1954.

3. og 4. mgr. eru samhljóða 1. gr. laga nr. 52 12. okt. 1944. Ákvæði um útreikning á byggingarvísitölu virðast eiga bezt heima í þessum lögum, þar sem þau eiga að gilda almennt um brunatryggingar húsa, en eftir byggingarvísitölu skal váttryggingarverði húsa breytt.

#### Um 4. gr.

Greinin er samhljóða 4. gr. laga nr. 59/1954, að öðru leyti en því, að bætt er inn í ákvæði um, að húseign megi ekki falla úr tryggingu fyrir þá sök, að iðgjald sé eigi greitt.

Um 5. gr.

Greinin er nýmæli. — Ákvæði þessi eru sett til þess að koma í veg fyrir, að eignir verði ótryggðar. Bæjarstjórar og oddvitar hafa umboð til þess að tryggja þær eignir, sem ótryggðar kunna að vera í upphafi tryggingartímabils, hjá hvaða vátryggingarfélagi sem þeir kjósa. Sé þetta vanrækt og ótryggð eign brenni, fær eigandi ½ bóta. Virðist sanngjarnt að draga nokkuð frá bótum, er svo stendur á.

Um 6. gr.

Ákvæði greinarinnar er nýmæli, og er það sett til þess að koma í veg fyrir, að sveitarsjóðir geti notað brunatryggingar sem tekjustofn og skattlagt þannig húseigendur fram yfir aðra borgara.

Um 7. og 8. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Reykjavík, 6. nóv. 1954.

Guðm. Guðlaugsson. Vilhjálmur Jónsson.“

Svo hljóðandi álit fylgdi frumv. af hálfu félagsmálaráðuneytisins í höfuðatriðum:

„Nefnd sú, sem kjörin var af sameinuðu Alþingi samkv. 5. gr. laga nr. 59 frá 24. apríl 1954 til þess að endurskoða lög um Brunabótafélag Íslands og önnur laga-fyrirmæli um brunamál utan Reykjavíkur, hefur nú lokið störfum. Nefndin varð ekki sammála. Meiri hluti nefndarinnar, þeir Jónas G. Rafnar, Jón Sigurðsson og Guðmundur Í. Guðmundsson, hefur samið frumvarp til laga um Brunabótafélag Íslands. Minni hluti nefndarinnar, þeir Guðmundur Guðlaugsson og Vilhjálmur Jónsson, hefur gert breytingartillögur við frumvarpið og auk þess samið sérstakt frumvarp til laga um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Óskað hefur verið eftir umsögn þessa ráðuneytis um lagafrumvörp þessi, og fer hún hér á eftir:

#### I. Um lagafrumvarp meiri hluta nefndarinnar:

Um frumvarp meiri hlutans til laga um Brunabótafélag Íslands er það fyrst og fremst að segja, að þar er gert ráð fyrir að lögfesta áfram einkarétt þann, er Brunabótafélag Íslands hefur undanfarin ár haft á brunatryggingum húsa utan Reykjavíkur. Lagafrumvarp þetta er að mestu sniðið eftir gildandi lögum um Brunabótafélag Íslands, nr. 73/1942, með breytingum, lög nr. 52/1944.

Þau nýmæli eru þó í frumvarpi þessu, að lagt er til að lögfesta, að bæjar- og sýslufélög kjósi einn mann hvert í fulltrúaráð fyrir félagið. Það er út af fyrir sig gott eitt um það að segja, að fulltrúar dreifbýlisins skipi fulltrúaráð félagsins og framkvæmdastjórn þess, en hætt er við, að stjórnarhættir þessir verði nokkuð kostnaðarsamir og þungir í vöfum í framkvæmd.

Þá er enn fremur það nýmæli í frumvarpi þessu, að lagt er til, að bæjar- og sveitarfélög geti gengið úr Brunabótafélagi Íslands miðað við ákveðinn fyrirvara og tímamörk. Það er viðkomandi bæjar- eða sveitarfélag, sem verður að eiga frumkvæðið að endurskoðun eða breytingu á iðgjaldagreiðslum eða öðrum tryggingarkjörum. Náist ekki samkomulag um samninga innan tveggja mánaða frá því að ósk kom fram um endurskoðun eða breytingar á tryggingarkjörum, er hlutað-eigandi bæjar- eða sveitarfélagi heimilt að segja sig úr Brunabótafélaginu með sex mánaða fyrirvara, miðað við 15. okt. ár hvert. Við þetta ákvæði er það fyrst og fremst að athuga, að það virðist tvímælalaust brjóta í bága við 1. gr. laga nr. 59/1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur, enda þótt flutningsmenn segi í greinargerð sinni, að ákvæði þetta sé aðeins „nánari skýringar og fyllri lagafyrirmæli“ um ákvæði 1. gr. nefndra laga. Í þessu sambandi má geta þess, að réttara hefði verið, að flutningsmenn þessa frumvarps hefðu jafnframt skilað sérstöku

frumvarpi um almenn lög um brunatryggingar utan Reykjavíkur, heldur en að velja þann kostinn að tvíanna þau saman á lítt skiljanlegan hátt, svo sem gert hefur verið í lagafrumvarpinu, sbr. 2. og 20. gr. þess.

Þá er loks það nýmæli í lagafrumvarpi þessu, að ráð er þar fyrir því gert, að Brunabótafélagi Íslands verði eftir vissum reglum heimilað að taka sér fleiri og viðtækari tryggingagreinar en verið hefur. En óþarfi er að orðlengja um það hér.

## II. Um lagafrumvörp minni hluta nefndarinnar:

Svo virðist sem minni hluti nefndarinnar hafi skilið verkefni sitt réttilega, því að hann hefur skilað tveim lagafrumvörpum, öðru til laga um brunatryggingar utan Reykjavíkur, en hinu í formi breytingartillagna við frumvarp það til laga um Brunabótafélag Íslands, sem að hefur verið vikið hér að framan.

Fyrri lagafrumvarpinu er ætlað að koma í stað gildandi laga um sama efni, nr. 59/1954, og er byggt á grundvelli þeirra, frjálsum tryggingum á húseignum. Þó er í lagafrumvarpinu gengið það lengra en í lögum nr. 59/1954, að þar er ekki einungis bæjar- og sveitarstjórnnum utan Reykjavíkur heimilað að semja um brunatryggingar á húseignum í umdæmi sínu, heldur er það gert að aðalreglu, að húseigendum sjálfum verði heimilt að brunatryggja húseignir sínar hjá hverju því vátryggingarfélagi, sem viðurkennt er af ráðherra. Síðan er í 2. mgr. frumvarpsins tekin orðrétt samningsheimild bæjar- og sveitarstjórna í 1. gr. laga nr. 59/1954 með þeirri viðbót, að húseigendurnir verða áður að hafa samþykkt við almenna atkvæðagreiðslu að veita sveitarstjórn heimild til slíkra samninga. Ekkert er tekið fram, hversu slíkri atkvæðagreiðslu er ætlað að fara fram né hvort ætlunin er, að einfaldur meiri hluti bindi hér alla húseigendur. Ráðuneytinu virðist, að það eitt samrýmist anda 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins að breyta þessari málsgrein í það horf, að þeir húseigendur, sem þess óska, geti veitt sveitarstjórn heimild til að gera brunatryggingarsamninga fyrir sína hönd.

Þá vill ráðuneytið hér með vekja athygli á, að í 2. mgr. 5. gr. er gert ráð fyrir því, að ef hús brennur, sem ekki hefur verið tryggt samkvæmt lögnum, þá skuli húseiganda þó bætt tjón hans að  $\frac{1}{2}$  hlutum. Skal bótaféð greitt af vátryggingarfélögum þeim, er tryggja hús í sveitarfélaginu. Hér er ekki gert ráð fyrir þeim möguleika, að ekkert hús í sveitarfélagi sé brunatryggt, þannig að regla þessi verði ónothæf. Að vísu má segja, að með tilliti til hinnar hörðu samkeppni tryggingarfélaganna um brunatryggingar séu lítil líkindi til þess, að mál skipist svo. Engu að síður finnst ráðuneytinu ástæða til að benda á, að hér kunni að skapast aðstæður, sem valda því, að íbúðarhús brennur, án þess að bótaákvæði 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins taki til þess.

Um breytingartillögur minni hlutans við lagafrumvarp meiri hlutans um Brunabótafélag Íslands er það eitt að segja, að þar er gert ráð fyrir, að í stað fulltrúaráðs og framkvæmdastjórnar, kosinna af öllum bæjar- og sveitarfélögum utan Reykjavíkur, svo sem ráð er fyrir gert í frumvarpi meiri hlutans, komi þriggja manna framkvæmdastjórn, kosin hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi.“